


Fig. 4



Ársskýrsla 2017



EINKA
LEYFA
STOFAN
ICELANDIC
PATENT
OFFICE

Ársskýrsla Einkaleyfastofunnar 2017

Mái 2018

Umbrot og hönnun: Nielsen hönnunarstofa, Nielsen.is

Ljósmyndir: Shutterstock o.fl.

Ábyrgðarmaður: Borghildur Erlingsdóttir

Umsjón: Jón Gunnarsson



Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	4	Tölfræði	31
Starfsemi og hlutverk	6	Markmið og árangursmat	36
Skipulagsbreytingar	7	UTmessan	37
Stefna 2016-2018	8	Metfjöldi einkaleyfa veitt hjá Evrópsku	
Svið Einkaleyfastofunnar	8	einkaleyfastofunni árið 2017.....	38
Hugverkasvið	8	Rafræn skráning hönnunar og endurnýjun vörumerkja	39
Rekstrarsvið.....	9	Alþjóðasamstarf um vernd landaheita.....	40
Faggildingarsvið	9	Alþjóðahugverkadagurinn – Nýsköpun til betra lífs.....	41
Gæðavottun og gæðakerfi	10	Framadagar	42
Hugverk og hugverkaréttindi.....	11	Fyrirmyndarstofnun ársins 2017	43
„Gúglaðu“ það!	12	European Inventor Award 2017	44
Fótbolti og hugverkaréttindi	14	Samtalsleit.....	46
Reiður drengur og Egill Skallagrímsson	16	IP Pre-diagnosis þjónusta.....	47
Hver á hugverk apa og róbóta?	18	Ný vörumerkjaleitarvél	48
Það eru ekki fleiri fiskar í sjónum		Gulleggið	49
– Sjávarútvegur og hugverk	20	Sjávarútvegsráðstefnan	50
Hvað með það? – Viðhorf almennings til falsana og brota		Samstarf.....	51
á hugverkaréttindum.....	23	Innlent samstarf.....	52
Alþjóðleg skráning vörumerkis		Erlent samstarf	53
– hvar, hvernig, hvers vegna...?	26	Mannauður og rekstur	54
Faggilding	28	Lykiltölur úr rekstri 2017	55
Árið 2017.....	30	Starfsfólk Einkaleyfastofunnar.....	56

Ávarp forstjóra

Hugverk eru auðlind

Sjávarútvegur hefur án efa verið mikilvægasti iðnaður Íslendinga í mörg hundruð ár, mótað íslenskt samfélag og verið undirstaða velmegunar hér á landi. En samfélagslegar breytingar og tækniframfarir, sem hafa umbylt iðnaði með aukinni áherslu á óáþreifanleg verðmæti, hafa einnig haft áhrif á sjávarútveginn og varpað nýju ljósi á mikilvægi einkaleyfa- og hugverkastofa fyrir nýsköpun, iðnað og rannsókn og þróun um heim allan.

Breytingarnar í sjávarútvegi birtast í aukinni verðmætasköpun sem byggð er á rannsóknum, nýsköpun og þróun og vernd hugverka. Gamla orðatiltækið „enginn dregur annars fisk úr sjó“ sýnir hvernig mikilvægustu verðmæti sjávarútvegsins hafa breyst á síðustu árum úr því að vera áþreifanleg í það að vera óáþreifanleg. Með vaxandi verðmætasköpun sem byggist á hugverkum, hugviti og orðspori þarf iðnaðurinn að gæta þess að aðrir hagnýti sér ekki verðmætin sem þar skapast, en þar veða hugverkaréttindi þyngst. Með öðrum orðum er nefnilega hægt að draga annars „fisk“ úr sjó ef ekki er staðið rétt að vernd og hagnýtingu hugverka. Reynsla sjávarútvegsins á þessu sviði síðustu áratugi er nokkuð sem aðrar iðngreinar hér á landi geta dregið lærdóm af.

Það var því sérstaklega ánægjulegt að á viðburðaríku árinu 2017 var einn af hápunktunum þátttaka Einkaleyfastofunnar í Sjávarútvegsráðstefnunni. Þar voru tvær málstofur tileinkaðar hugverkaréttindum í sjávarútvegi og afleiddum iðnaði og ljóst að hefðbundinn auðlindaiðnaður eins og sjávarútvegur getur með réttum áherslum þróast í hugverkaiðnað og stórukið þannig verðmætasköpun á sjálfbæran hátt.

Það er því mikilvægt að áherslur stjórnvalda um nýsköpun og mikilvægi hennar fyrir atvinnulífið skuli koma skýrt fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar á árinu. Þessar áherslur og hugverkastefna fyrir Ísland sem var kynnt árið 2016 eru veigamikill leiðarvísir fyrir stjórnvöld, iðnað og aðra hagsmunaaðila til að byggja upp hugverkadrifið Ísland.

Einkaleyfastofan leggur sig fram um að þróast í takt við þessar breytingar og þarfir viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila. Með skipulagsbreytingum sem ráðist var í síðastliðið haust hefur verklag verið einfaldað og skilvirkni aukin. Þessar breytingar hafa skilað stóru auknum málsmeðferðarhraða, viðskiptavinum okkar til hagsbóta.

Við kynntum einnig nýja þjónustu, samtalsleit, á árinu en hún gefur aðilum í nýsköpun og rannsókn og þróun, sem vilja koma uppfinningu á framfæri, kost á að fá sérsníðna innsýn í einkaleyfagagnagrunna sem getur verið þeim mjög dýrmætt á fyrstu stigum verkefnis. Óhætt er að segja að þjónustan hafi slegið í gegn og hún er á stuttum tíma orðin mikilvægur hluti af nýsköpunarferli mennta- og vísindastofnana hér á landi. Önnur þjónusta, svokölluð IP Pre-diagnosis, er í burðarliðnum en henni er ætlað að bæta þekkingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja á hugverkaréttindum og aðstoða þau við að vernda og hagnýta sín hugverk.

Við settum einnig aukna áherslu á samstarf við hagsmunaaðila og þátttöku í viðburðum til að ná betur til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, frumkvöðla og aðila í nýsköpun. Auk Sjávarútvegsráðstefnunnar tókum við þátt í

„En þessi árangur næst ekki sjálfkrafa. Hann má að mestu leyti rekja til þess mikla og góða mannauðs sem Einkaleyfastofan býr yfir. Hjá stofnuninni er ávallt í forgrunni að hlúa vel að þeim auði og tryggja hæfni og þekkingu starfsmanna með viðeigandi endurmenntun. Það hefur skilað því að hér starfar hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk sem brennur fyrir því mikilvæga málefni sem hugverkaréttindi eru fyrir íslenskt samfélag.“

UTMessunni, Framadögum og Gullegginu þar sem Einkaleyfastofan var samstarfsaðili í fyrsta skipti. Þátttaka okkar í þessum viðburðum gerði okkur kleift að ná beint til þeirra sem eiga oft erfiðast með að standa vörð um sín hugverk. Þessum aðgerðum hefur verið vel tekið og er ljóst að þeim verður haldið áfram á næstu árum.

En þessi árangur næst ekki sjálfkrafa. Hann má að mestu leyti rekja til þess mikla og góða mannauðs sem Einkaleyfastofan býr yfir. Hjá stofnuninni er ávallt í forgrunni að hlúa vel að þeim auði og tryggja hæfni og þekkingu starfsmanna með viðeigandi endurmenntun. Það hefur skilað því að hér starfar hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk sem brennur fyrir því mikilvæga málefni sem hugverkaréttindi eru fyrir íslenskt samfélag. Það var því sérstaklega ánægjulegt að Einkaleyfastofan var í þriðja sæti í könnuninni um Stofnun ársins hjá SFR, en þetta er fimmta árið í röð sem stofnunin hlýtur nafnbótina Fyrirmyndarstofnun.

Á árinu var einnig áhugavert að verða vitni að auknum fjölda á veittum einkaleyfum og skráðum vörumerkjum og hönnun. Athygli vekur þó að einkaleyfum íslenskra aðila fjölgar ekki hér á landi í takt við aukinn fjölda einkaleyfa erlendra aðila bæði hér og erlendis. Þetta er umhugsunarefni og ljóst að Einkaleyfastofan, stjórnvöld, íslenskur iðnaður og háskólar hér á landi þurfa að skerpa á þekkingu á sviði hugverkaréttar.

Vinnu okkar á þessu stigi lýkur í raun aldrei, enda er það eilífðarverkefni að finna nýjar leiðir til að koma til móts við þarfir viðskiptavina og hagsmunaaðila. Breytingar síðustu áratuga og áhersla á nýsköpun munu

halda áfram að styrkja hlutverk Einkaleyfastofunnar í þessum breytingum enda verður æ mikilvægara fyrir fyrirtæki að afla sér aðstoðar við að vernda og hámarka verðmæti nýsköpunar sinnar.

Einkaleyfastofan er þannig lykilhlekur í þeirri mikilvægu keðju nýsköpunar sem getur ýtt undir aukna velsæld, sjálfbæran hagvöxt og hugverkadrifid samfélag. Við munum halda áfram að aðstoða íslensk fyrirtæki við að breyta hugmyndum sínum í verðmæti og koma þannig sínum fisk úr sjó.



Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri






Starfsemi og hlutverk



Skipulagsbreytingar



Nýtt skipurit tók gildi í september. Skipulagið sem unnið hafði verið eftir frá 1. janúar 2016 var einfaldað til muna með sameiningu sviða. Þannig var þjónustu- og upplýsingasvið sameinað fjármála- og rekstrarsviði og lögfræðisvið rann saman við rannsóknar- og skráningarsvið. Nýju sviðin bera heitin rekstrarsvið og hugverkasvið. Gæðastjóri og yfirlögfræðingur heyra nú beint undir forstjóra en áður heyrði gæðastjóri undir fjármála- og

rekstrarsvið og yfirlögfræðingur fór fyrir lögfræðisviði. Tilgangur þessara breytinga var fyrst og fremst að ná fram einfaldara skipulagi með minni yfirstjórn sem betur hentar stærð stofnunarinnar. Skipulag og starfsemi faggildingarsviðs hélst óbreytt en heildarendurskoðun á starfsemi faggildingar stendur yfir á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Stefna 2016–2018

Einkaleyfastofan starfar samkvæmt þriggja ára heildarstefnu sem mótuð var í samvinnu stjórnenda og starfsfólks og byrjað var að vinna eftir á árinu 2016. Helstu stefnumál á tímabilinu er varða stjórnsýslu og gæðamál eru áframhaldandi markmiðasetning, þróun mælinga og eftirfylgni, styrking innviða og einföldun á stjórnkerfi, jafnframt aukinni áherslu á innri og ytri upplýsingamiðlun. Einnig er stefnt að því að bæta þjónustu með áherslu á upplýsingatækni, með þróun vefsíðu og gagnagrunna, eflingu rafrænnar stjórnsýslu, styttingu málsmeðferðartíma og markvissari upplýsingamiðlun um málsmeðferð. Í tengslum við mótun stefnunnar var skipulagi stofnunarinnar breytt í það horf að sviðum var fækkað úr fimm í þrjú.

Svið Einkaleyfastofunnar



Hugverkasvið

Á hugverkasviði fer fram formleg og efnisleg meðferð þeirra umsókna um skráningu sem berast stofnuninni. Þar eru teknar ákvarðanir um skráningu eða höfnun eftir atvikum og sinna lögfræðingar sviðsins rökstuðningi í þeim tilvikum þegar umsóknum er hafnað. Leyst er úr andmæla- og niðurfellingarmálum á sviðinu auk beiðna um endurveitingu réttinda. Þá tekur sviðið á móti umsóknum um viðhald réttinda, þ.e. greiðslu árgjalda af einkaleyfum og endurnýjun hönnunar- og vörumerkjaskráninga, auk þess að sinna beiðnum um aðilaskipti, veðsetningu skráninga og fleira. Á árinu 2017 tók sviðið yfir 15 þúsund umsóknir og önnur erindi til skoðunar.



Rekstrarsvið

Verkefni rekstrarsviðs eru fjölbreytt og spanna flesta þætti stofnunarinnar. Helstu verkefni eru móttaka erinda, þjónusta og ráðgjöf við viðskiptavinum, samskipti, fræðslu- og kynningarmál, upplýsingatækni, kerfisstjórn, skjalastjórn, útgáfa ELS-tíðinda, innkaup, alþjóðleg samstarfsverkefni, launavinnsla, mannauðsmál, fjármál og áætlanagerð. Á árinu 2017 var sérstök áhersla lögð á heildarendurskoðun á þjónustu stofnunarinnar sem meðal annars leiddi af sér nýja þjónustu í tengslum við tæknilegar uppfinningar, svokallaða samtalsleit. Í lok árs voru starfsmenn sviðsins átta talsins auk sviðsstjóra.



Faggildingarsvið

ISAC, faggildingarsvið Einkaleyfastofunnar, er opinbera faggildingarstofan á Íslandi og starfar sjálfstætt innan stofnunarinnar. Á sviðinu starfa tveir starfsmenn sem sjá um daglegan og faglegan rekstur sviðsins. Við framkvæmd faggildingarmats og/eða faggildingareftirlits ræður sviðið til sín tæknilega matsmenn eða sérfræðinga til aðstoðar við mat á samræmi við tæknilegar kröfur.

Faggildingarsvið leggur sig fram við að bjóða viðskiptavinum sínum góða þjónustu, taka þátt í nauðsynlegu alþjóðlegu samstarfi og efla samstarf milli hagsmunadila faggildingar, sem geta ýmist verið eigendur krafna, samræmismatsstofur eða notendur þjónustunnar svo eitthvað sé nefnt.

Gæðavottun og gæðakerfi

Gæðakerfi frá þýsku vottunarstofunni DQS, vottað samkvæmt staðlinum ISO 9001, hefur verið í notkun hjá Einkaleyfastofunni allt frá árinu 2013. Gæðakerfi Einkaleyfastofunnar nær yfir meðferð erinda og þjónustu við viðskiptavini, en einnig stjórnun, umsýslu fjármála og mannauðsmál. Stefnumiðaðar mælingar eru innbyggðar í gæðakerfið og eru niðurstöður rýndar og greindar í hringrás umbóta í anda staðalsins. Markmiðið með ISO 9001 staðlinum er að uppfylla kröfur viðskiptavina og auka ánægju þeirra auk þess sem staðallinn hvetur til ferilsnálgunar við þróun, innleiðingu og umbætur á virkni gæðastjórnunarkerfisins.

Í desember 2017 hlaut Einkaleyfastofan vottun samkvæmt uppfærðum staðli, ISO 9001:2015. Meðal nýjunga í þessari útgáfu staðalsins er að nú er meiri áhersla lögð á frammistöðu en fyrirmæli, og að hugmyndafræði áhættustjórnunar fær meira rými.





Hugverk og hugverkaréttindi





Dagný Fjóra
Jóhannsdóttir

„Gúglaðu“ það!

Óhætt er að fullyrða að margir þekki það að „gúgla“ hitt og þetta sér til gagns og gamans. Google hefur í áraraðir reynt að hindra að vörumerkið öðlist almenna merkingu. Hefur fyrirtækið reynt að sporna við því að merkið sé skráð í orðabækur, m.a. í Svíþjóð þar sem sænskt orð fyrir „ógúglanlegt“ var skráð í nýyrðaoorðabók. Í ensku orðabókunum Oxford English Dictionary og Merriam-Webster's Collegiate Dictionary er orðið google (með litlum staf) skráð sem sagnorð og þýðing þess sú að nota Google leitarvélina til þess að afla upplýsinga á netinu.

Það er mögulegt að ógilda vörumerkjaskráningu ef vörumerki sem áður uppfyllti skilyrði um sérkenni og aðgreiningarhæfi hefur misst aðgreiningareiginleika sína og öðlast þess í stað almenna merkingu. Við eigum ekki hugtak yfir réttindamissi af þessu tagi á íslensku en í úrskurðum hefur verið talað um að vörumerki verði að tegundarheiti. Á ensku kallast þetta *degeneration*. Dæmi um merki sem hafa öðlast almenna merkingu og orðið að tegundarheiti hér á landi er *vaseline*, sem var skráð sem heiti yfir ýmis konar smyrsl (úrskurður áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar nr. 3/2004). Sambærileg dæmi erlendis frá eru *aspirin* fyrir lyf, *yo-yo* fyrir leikföng og *escalator* fyrir rúllustiga.

Í maí á síðasta ári dæmdi áfrýjunardómstóll í San Francisco í máli Elliott g. Google Inc. (dómur nr. 15-15809 (9th Cir. 2017)). Í málinu var farið fram á niðurfellingu á vörumerkinu GOOGLE á þeim grundvelli að það hefði öðlast almenna merkingu sem sagnorð. Þetta var ekki í fyrsta sinn sem þessi krafa var gerð gegn fyrirtækinu. Hið sama var reynt í Arizonafylki árið 2012, en án árangurs.



Leitarvélin Google er svo þekkt að sumir eru farnir að standa sig að því að nota sögnina að „gúgla“ sem almenna lýsingu á því að leita að einhverju á netinu. Dómur sem féll í fyrra sýnir okkur þó að bandaríski leitarvélarisinn sættir sig ekki við þá þróun mála, enda er GOOGLE eitt af verðmætustu vörumerkjum veraldar.

Niðurstaða dómstólsins var sú að sækjanda hefði ekki tekist að sýna fram á að hinn almenni neytandi skildi orðið GOOGLE sem almenna sögn með merkinguna að leita á Internetinu frekar en vörumerki. Því var úrskurðað að vörumerkjaskráningin GOOGLE skyldi halda gildi sínu.

Þrátt fyrir möguleikann hefur lítið reynt á þetta atriði hér á landi, en hver sá sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta getur lagt fram ógildingarkröfu, hvort sem er hjá Einkaleyfastofunni eða fyrir dómstólum. Í hverju máli fyrir sig fer fram heildstætt mat á sérkenni merkis á grundvelli framlagðra gagna.





Jóhann Skúli
Jónsson

Fótbolti og hugverkaréttindi

Í júní síðastliðnum gaf fyrirtækið BrandFinance út árlega skýrslu sem rýnir í vörumerki knattspyrnufélaga. Skýrslan hefur birst á hverju ári síðan 2006 og hefur BrandFinance þróað jöfnur með margvíslegum breytum sem reikna út vörumerkjastyrk (Brand Power) knattspyrnufélaga, en þar er m.a. litið til verðmætis leikmannahóps, stærðar leikvangs og árangurs liðsins. Samhliða því er einnig birtur listi yfir verðmætustu vörumerki knattspyrnunnar (Most Valuable Brand) en í þeim útreikningi er meira litið til þeirrar hliðar fótboltans sem snýr að viðskiptum og þá helst hversu sýnilegt vörumerki hvers félags er á hinum almenna markaði, þó að auðvitað spili þar einnig inn í árangur félaganna.

Eftir sigur sinn í Meistaradeild Evrópu annað árið í röð og sinn fyrsta La Liga titil síðan 2012 hirti Real Madrid toppsæti listans yfir sterkustu vörumerki knattspyrnunnar af Barcelona. Þessi tvö félög bera höfuð og herðar yfir önnur félög en næst á eftir þeim kemur þýski risinn Bayern München og þar á eftir Manchester United og Juventus.

Enska deildin sýnir mátt sinn og megin sem vinsælasta deild heims með því að eiga sex fulltrúa í efstu 10 sætum listans yfir verðmætustu vörumerkin. Þá á enska deildin 45% af heildarverðmæti efstu 50 vörumerkjanna eða sem nemur 9,3 milljörðum USD. Athyglisvert er að sjá að lið eins og

Bournemouth og Swansea City eru fyrir ofan lið á borð við ítölsku stórlíðin AS Roma og Inter Milan. Verðmætasta vörumerki knattspyrnunnar var Manchester United, annað árið í röð.



„Enska deildin sýnir mátt sinn og megin sem vinsælasta deild heims með því að eiga sex fulltrúa í efstu 10 sætum listans yfir verðmætustu vörumerkin. Þá á enska deildin 45% af heildarverðmæti efstu 50 vörumerkjanna eða sem nemur 9,3 milljörðum USD.“

Þó að skin og skúrir hafi skipst á inni á knattspyrnuvelli hjá Rauðu Djöflunum undanfarin ár hefur stjórnarformaður félagsins, Ed Woodward, verið iðinn við kolann utan vallar. Geysistórir auglýsingasamningar við fataframleiðandann Adidas og ökutækjarisann Chevrolet hafa styrkt vörumerki félagsins. Sérfræðingar telja þó að það sé ekki síður hinn gríðarlegi fjöldi minni viðskiptasamninga við fyrirtæki á asískum markaði sem eykur verðmæti vörumerkisins. Stuðningsmenn Manchester United eru fyrir löngu orðnir vanir tilkynningum á opinberum vettvangi félagsins þar sem viðskiptasamningar við ýmis misfræg fyrirtæki eru tilkynntir við álíka hátíðlegar athafnir og um kaup á stórstjórnnum væri að ræða. Þannig fékk hinn opinberi traktor Manchester United frá japanska fyrirtækinu Yanmar að baða sig í sviðsljósinu á heimasíðu félagsins á meðan stuðningsmenn biðu í ofvæni eftir staðfestingu á kaupunum á sóknarmanninum ólseiga Alexis Sánchez. Woodward hefur einnig lagt mikið upp úr því að Manchester United sé áberandi á samfélagsmiðlum, og oftsinnis nefnt slíka miðla sem mikilvæg tól í viðskiptalegu sem og knattspyrnulegu samhengi þar sem stærstu stjórnur knattspyrnuheimsins hugsi sífellt meira um eigin markaðssetningu og því stærra sem vörumerkið er þeim mun auðveldara sé fyrir félagið að laða leikmenn til sín.





Margrét
Hjálmarsdóttir

Reiður drengur

Þeir sem lagt hafa leið sína til Óslóar í Noregi hafa vafalaust flestir komið við í Frogner Park þar sem verk norska höggmyndameistarans Gustav Vigeland (1869-1943) er að finna. Garðurinn, sem er sá stærsti sinnar tegundar á heimsvísu, hefur að geyma um 200 verk listamannsins. Árið 2013, þegar liðin voru 70 ár frá andláti Vigeland féll höfundaréttur af verkum hans niður, en sá réttur er samkvæmt lögum (norskum og íslenskum) óskráður réttur höfundar sem verður til við birtingu verks. Rétturinn færirist við andlát höfundar til erfingja næstu 70 árin en að þeim tíma liðnum verða verk almenningseign eða hluti af því sem nefnt er *public domain*.

Til þess að reyna að tryggja áframhaldandi vernd á verkum Vigeland sótti Óslóarborg um skráningu á ýmsum verkum Vigeland sem vörumerki hjá norsku hugverkastofunni – NIPO. Sum merkin voru samþykkt til skráningar en öðrum hafnað, m.a. skráningu á *The Angry Boy* og *Vigeland Monolith*. Höfnunin byggði einkum á því að merkin skorti sérkenni og aðgreiningarhæfi eða væru lýsandi.

Óslóarborg áfrýjaði þessari niðurstöðu til áfrýjunarnefndar hugverka-réttinda á sviði iðnaðar í Noregi (KFIR) sem ákvað að beina m.a. þeirri spurningu til EFTA-dómstólsins hvort nefndin gæti hafnað skráningu merkjanna á öðrum grundvelli en þeim sem NIPO hafði stuðst við í ljósi

þess hve nátengd verkin væru menningarsögu Noregs. Velti nefndin einkum fyrir sér ákvæðum varðandi siðferði og allsherjarreglu. EFTA-dómstóllinn (mál nr. E-5/16 frá 6. apríl 2017) sagði ekkert standa í vegi fyrir því að verk nytu vörumerkjaverndar að lokinni höfundaréttarvernd. Gæta yrði þó að því að slíkur varanlegur einkaréttur (ef við haldið á 10 ára fresti) gæti veitt réttthafa réttindi sem hvorki höfundurinn sjálfur né erfingjar hans hefðu notið. Tilgangur með afmörkuðum verndartíma höfundaréttar væri sá að koma verkum í almannaeign svo hver sem er gæti notið þeirra og hugsanlega hagnýtt.

Varðandi það hvort skráning merkis gæti farið gegn siðferði eða allsherjarreglu sagði dómurinn að mat á því yrði að fara fram í hverju máli fyrir sig. Varðandi siðferði þyrfti að hafa til hliðsjónar stöðu og/eða merkingu viðkomandi listaverks fyrir viðkomandi ríki og taka mið af þeirri vöru/þjónustu sem sótt væri um vernd fyrir. Hafna yrði skráningu ef um misnotkun á verkinu væri að ræða. Allsherjarreglu sagði dómurinn vera mismunandi milli landa og breytilega í tíma. Þeirri reglu skyldi beita í undantekningartilvikum og aðeins ef um raunverulega og nægjanlega alvarlega ógnun við grundvallarviðmið samfélags væri að ræða.

„Til þess að reyna að tryggja áframhaldandi vernd á verkum Vigeland sótti Óslóarborg um skráningu á ýmsum verkum Vigeland sem vörumerki hjá norsku hugverkastofunni – NIPO. Sum merkin voru samþykkt til skráningar en öðrum hafnað, m.a. skráningu á The Angry Boy og Vigeland Monolith.“

Áfrýjunarnefnd kvað upp úrskurð í málinu þann 13. nóvember 2017 (sameinuð mál 16/00148 o.fl.). Sjónarmiðum EFTA-dómstólsins um allsherjarreglu var beitt og mat nefndin umrædd verk Vigeland það einstök og mikilvæg í menningarsögu Noregs að ekki væri unnt að samþykkja skráningu á verkunum sem vörumerki. Skráning myndi veita réttthafanum, þ.e. Óslóarborg, nýtingarrétt á verkum Vigeland umfram aðra og jafnvel verða til þess að takmarka aðgang almennings að verkunum.

Með hliðsjón af aðild Íslands að EES-samningnum verður í sambærilegum málum hér á landi að líta til þeirra viðmiða sem EFTA-dómstóllinn setti fram í málinu varðandi mat á því hvenær synja skuli um skráningu vörumerkja á grundvelli þess að þau fari gegn siðferði eða allsherjarreglu, sem og um samspil höfundar- og vörumerkjaréttar. Hvort niðurstaða í slíku máli verður í takt við ákvörðun áfrýjunarnefndar Noregs skal hins vegar ósagt látið.



Hver á hugverk apa og róbóta?

Allir sem fást við nýsköpun þurfa að tryggja eignarhald á hugverkum sínum, enda er það helsta leiðin til að tryggja fullnægjandi grundvöll fyrir rekstri, tekjuöflun og jafnvel orðspori fyrirtækisins. En hvað ef sá sem „skapar“ hugverkið er ekki mennskur? Með auknum framförum á sviði gervigreindar og nýlegu máli loðapans Naruto hefur þessu t.d. verið varpað fram: **Hver á hugverk sem eru „sköpuð“ af vélmennum og öpum?**

Nýlega hafa komið fram á sjónarsviðið ýmsir róbótar, algrím (e. algorithm) og forrit sem skapa verk upp á eigin spýtur. Dæmi um þetta er róbótinn BNJMN (kallaður Benjamín í daglegu tali) en hönnun hans er verk tveggja meistaranema við Basel Academy of Art and Design. Benjamín er búinn hjólum, örmum og nemum og hefst handa við að mála eigin listaverk ef hann nemur auðan pappír í nágrenni sínu. Annar „listamaður“ er „The Next Rembrandt“ sem vakti athygli í listaheiminum fyrir málverk í stíl hollenska listmálarans Rembrandt Harmenszoon van Rijn. Í raun var þarna á ferðinni tölvuforrit sem hafði greint þúsundir verka Rembrandts og skapaði ný verk sem voru svo lík stíl gamla meistarans að margir töldu að þetta væru týnd verk sem ekki hefðu komið fyrir almenningssjónir áður.

Önnur dæmi eru japanskt forrit sem skrifaði smásögu sem komst í aðra umferð bókmenntakeppni þar í landi og gervigreindarforritið EMI (Experiments in Musical Intelligence) sem greinir verk eftir fræg tónskáld,



finnur mynstur í verkunum og býr til ný tónverk. Einnig eru dæmi um forrit sem geta skrifað ljóð, breytt ljósmyndum, samið söngleiki og skrifað greinar fyrir fjölmiðla.

En spurningar um eignarhald vakna ekki eingöngu í tengslum við hugverk vélmanna. Fyrir stuttu komst loðapinn Naruto í heimsfréttirnar fyrir „sjálfu“ (e. selfie) sem hann tók með myndavél breska náttúru ljósmyndarans David Slater. Vafi var um höfundarétt myndarinnar eftir að Wikimedia neitaði að fjarlægja myndina af ljósmyndagagnagrunni með verkum í almenningseign. Stofnunin hélt því fram að höfundarétt eigi „skapari“ verksins, apinn á ljósmyndinni í þessu tilviki, og þar sem apar hafi ekki

„Líklegt er að málefni hugverka og gervigreindar eigi eftir að verða enn flóknari þegar fram í sækir, enda fleygir þróun gervigreindartóla fram og þau verða með hverjum deginum færari í að líkja eftir sköpunargáfu.“



réttindi eða skyldur samkvæmt lögum geti þeir ekki átt höfundarétt. Því falli hugverkið undir almenningseign (e. public domain). Slater mótmælti þessu og sagði að hann hefði skapað aðstæðurnar sem urðu til þess að apinn tók ljósmyndina sem geri það að verkum að hann eigi kröfu til höfundaréttarins. Bandaríska höfundaréttarstofan komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að myndin væri ekki höfundaréttarvarin og höfundaréttarvernd í Bandaríkjunum gæti aðeins náð til aðeins verka mennskra höfunda. Ljósmyndir og listaverk sem væru verk dýra eða véla án aðkomu manna væru þannig undanskilin höfundarétti.

Þetta sættu dýraverndunarsamtökin PETA sig ekki við og áfrýjuðu ákvörðuninni til dómstóla. Málsrök þeirra voru að apinn, sem þau höfðu gefið nafnið Naruto, ætti höfundarétt að myndinni. Samtökin fóru fram á umsjón yfir ágóða ljósmyndarinnar sem þau myndu nýta Naruto og öðrum loðöpum til góðs. PETA hefur þó ekki haft erindi sem erfiði enn sem komið er.

Eignarhald hugverka vélmenna og forrita er aftur á móti óljósara. Í Bretlandi og Nýja-Sjálandi, til dæmis, getur höfundaréttur tölvuskapaðra verka heyrt undir aðilann sem skapar aðstæðurnar þar sem verkin verða til. Hinsvegar hafa dómar fallið í Ástralíu þar sem það er sérstaklega tilgreint að tölvusköpuð verk heyri ekki undir höfundarétt þar sem þau voru ekki sköpuð af manneskju. Evrópudómstóllinn komst að svipaðri niðurstöðu en í dómi hans er tilgreint að höfundaréttur nái aðeins yfir upprunaleg verk sem endurspegli persónuleika listamannsins, og mennskur aðili sé því nauðsynlegur til að höfundaréttur skapist fyrir hugverk.

Líklegt er að málefni hugverka og gervigreindar eigi eftir að verða enn flóknari þegar fram í sækir, enda fleygir þróun gervigreindartóla fram og þau verða með hverjum deginum færari í að líkja eftir sköpunargáfu. Þau verða því líklega notuð æ meira í listsköpun og rannsókn- og þróunarstarfi í framtíðinni og þá þarf að liggja fyrir hvers konar verndar slík hugverk skuli njóta.





Jón
Gunnarsson

Það eru ekki fleiri fiskar í sjónum – Sjávarútvegur og hugverk

Sjávarútvegur hefur verið undirstaða íslensks samfélags um aldir en á síðustu áratugum hefur hann breyst mikið í takt við breytingar í framleiðslustarfsemi og viðskiptum víðsvegar um heim. Þegar aflatölur og aflaverðmæti árið 1981 eru bornar saman við það sem var 20 árum síðar þá blasir við að heildarfiskafli hefur dregist saman enda þótt útflutningsverðmætin hafi stóraukist. Verðmæti og verðmætasköpun sjávarútvegsins hafa tekið stakkaskiptum.

Þegar skoðað er verðmæti fyrirtækja í bandarísku S&P500 vísitölunni á svipuðu tímabili má einnig sjá áhugaverða þróun: Hlutfall áþreifanlegra verðmæta eins og húsnæðis og tækja hefur farið úr því að vera 83% verðmæta fyrirtækja árið 1975 í það að vera aðeins 13% verðmæta árið 2015. Á sama tíma hafa óáþreifanleg verðmæti eins og hugvit, hugverk, þekking, orðspor og ímynd aukist og teljast nú 87% heildarverðmætis fyrirtækja. Hver er ástæðan fyrir þessum miklu breytingum?



„Líkt og Íslendingar huguðu að vernd náttúruauðlinda með kvótakerfinu þá er ekki síður mikilvægt að huga að þeirri miklu auðlind sem er íslenskt hugvit og þekking.“

Mat á verðmæti fyrirtækja hefur tekið breytingum eftir því sem meiri verðmæti skapast fyrir tilstilli rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Náttúruauðlindir og hrávörur skipta ekki lengur mestu, heldur hverju tækni og nýsköpun geta bætt við vörur til að skapa aukin verðmæti.

Í íslenskum sjávarútvegi urðu þessar breytingar ekki af sjálfu sér heldur má rekja þróunina að miklu leyti rekja til lagasetningar um kvótakerfið á níunda áratug síðustu aldar. Eftir tilkomu kvótakerfisins þurftu sjávarútvegsfyrirtæki að auka verðmæti án þess að geta gengið meira á náttúrulegu auðlindina, þ.e. fiskistofnana. Þess í stað hafa þau nýtt sér rannsóknar- og þróunarstarf og nýsköpun til að drífa áfram aukna verðmætasköpun. Á þeim tíma sem síðan er liðinn hefur sjávarútvegur á Íslandi breyst þannig að í stað þess að keppast við að veiða sem mest til að auka verðmæti, og ganga þannig á náttúruauðlindir, er tækni, hugvit og uppbygging orðspors og viðskiptavildar nú nýtt til að auka hagkvæmni, hámarka nýtingu og auka gæði, og öðlast þannig þá stöðu að geta farið fram á herra verð fyrir gæðavöru.

Í þessu samhengi munar miklu um tækni sem skilar betri og ferskari vöru eða gerir reksturinn skilvirkari og kostnaðarminni. Þá má ekki gleyma þeim miklu verðmætum sem felast í vörumerkjum íslensks sjávarútvegs en með þeim hefur verið haldið utan um ímynd og orðspor sem greininni hefur áunnist með þrotlausri vinnu á því sviði síðustu áratugi, meðal annars vegna ímyndar íslensks sjávarútvegs sem sjálfbærrar atvinnugreinar sem var önnur afleiðing kvótakerfisins.



Einnig hefur orðið til verðmætur lyfja- og líftækniidnaður í kringum sjávarútveginn. Hugviti og hugverkum er beitt til að nýta aukaafurðir sjávarútvegsins og leitast við að hámarka verðmæti náttúrulegra auðlinda í stað þess að ganga frekar á þær. Sjávarútvegurinn og tengdur iðnaður hefur því á þessum árum breyst úr því að vera auðlindaíðnaður í það að vera hugverkaíðnaður. Slíkt skapar ekki aðeins fjölmörg vel launuð störf heldur styður við sjálfbæran hagvöxt á Íslandi.

En samkeppnisforskið sem myndast í nýsköpun þarf að vernda til að Íslendingar geti áfram staðið samkeppnisþjóðum sínum framar á þessu sviði. Þess vegna hefur sjávarútvegurinn verið virkur í verndun hugverka til að halda utan um þessi verðmæti og vernda samkeppnisstöðu sína og hámarka tækifærin á þessu sviði. Þetta hefur til dæmis verið gert með markvissri nýtingu einkaleyfa og vörumerkja.

Á sjóndeildarhringnum leynast mörg tækifæri en jafnframt ógnir. Sem dæmi má nefna laxeldi sem margir binda miklar vonir við. En hvert er samkeppnisforskið Íslendinga á þessu sviði og hvernig er hægt að vernda það? Í skýrslu um stöðu einkaleyfa í norskum fiskeldisiðnaði sem norska hugverkastofan (NIPO) gaf út nýlega kemur fram að þó að í Noregi sé eitthvað um einkaleyfi á þessu sviði þá standi þau öðrum löndum eins og Þýskalandi og Bandaríkjunum töluvert að baki. Þetta þykir gefa til kynna að laxeldi þar í landi sé enn hrávöruiðnaður sem sé ekki í takt við stefnu



ríkisstjórnarinnar um að norskur iðnaður eigi að byggjast fyrst og fremst á þekkingu og hugviti. Ennfremur sé mikilvægt fyrir iðnaðinn að huga að athafnafrelsi sínu og hugleiða markvissa verndun hugverka til að vernda samkeppnisforskið sitt til lengri tíma og auka hagvæmni í rannsóknar og þróunarstarfi. Greiningar sýna að von sé á miklum fjölda einkaleyfaumsókna erlendra aðila á þessu sviði á næstu árum og því sé bráðnauðsynlegt að iðnaðurinn taki við sér og hugi að nýtingu einkaleyfa í starfsemi til að koma í veg fyrir kostnaðarsöm mistök.


Undanfarin ár hefur verið uppi mikil umræða á Íslandi um að skjóta þurfi fleiri stöðum undir íslenska hagkerfið. Þar hefur verið talað um hugverkageirann eða alþjóðageirann sem sérstaklega mikilvægan í bland við auðlindahagkerfið og ferðaþjónustuna. Líkt og Íslendingar huguðu að vernd náttúruauðlinda með kvótakerfinu þá er ekki síður mikilvægt að huga að þeirri miklu auðlind sem er íslenskt hugvit og þekking. En slíkt gerist aðeins með því að halda utan um og hámarka verðmæti þessara auðlinda. Þar mun markviss hagnýting hugverkaréttinda skipta lykilmáli.

Hvað með það?

Viðhorf almennings til falsana og brota á hugverkaréttindum

Falsaður varningur og annars konar hugverkabrot hafa verið í umræðunni síðustu ár en nýlegar kannanir veita innsýn í þróun viðhorfa til þessara mála í Evrópu.


Í nýrri skýrslu Evrópsku athugunarstöðvarinnar um brot á hugverkaréttindum (e. European Observatory on Infringements of Intellectual Property Rights; EUIPO Observatory) kemur fram að langstærstur hluti almennings í Evrópu, eða um 97%, telji mikilvægt að uppfinningamenn, hönnuðir og aðrir listamenn geti verndað hugverk sín og fengið laun fyrir vinnu sína, en það er lítilsháttar aukning frá því rannsóknin var framkvæmd árið 2013. Þetta gefur til kynna að almenningur sé almennt sammála undirstöðuatriðum hugverkaréttinda og viðurkenni möguleikann á því að vernda hugverk.




Það er mikilvægt að uppfinningamenn, hönnuðir og aðrir listamenn geti verndað hugverk sín og fengið laun fyrir vinnu sína

Einnig voru tveir þriðju hlutar svarenda sammála því að hugverkaréttindi væru atvinnuskapandi og að tilvist þeirra stuðlaði að efnahagslegum stöðugleika í Evrópu. Hinsvegar virðist vera ósamræmi milli almennra viðhorfa til hugverkaréttinda annars vegar og viðhorfa til kaupa á fölsuðum varningi hinsvegar. Þó að meirihluti almennings í Evrópu telji rangt að kaupa falsaðan varning líkt og í könnuninni árið 2013 þá eru aðeins sjö af hverjum tíu Evrópubúum á því að að ekkert geti réttlætt kaup á slíkum vörum. Raunar fjölgaði þeim lítillega sem töldu réttlætanlegt að kaupa falsaðan varning í tilvikum þar sem upprunalega varan er ekki til eða þykir of dýr.

Viðhorf til kaupa á fölsuðum varningi




Það er í lagi að kaupa falsaðar vörur þegar um er að ræða munaðarvarning




Það er í lagi að kaupa falsaðar vörur þegar gæði vörunnar skipta ekki máli

■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Frekar ósammála ■ Mjög ósammála

Viðhorf til kaupa á fölsuðum varningi



Það er í lagi að kaupa falsaðar vörur þegar upprunalega varan er ekki til þar sem þú býrð




Það er í lagi að kaupa falsaðar vörur þegar verðið á upprunalegu vörunni er of hátt


■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Frekar ósammála ■ Mjög ósammála

Rannsóknir EUIPO og Millisvæðastofnunar SP um rannsóknir á afbrotum og viðurlögum (UNICRI) hafa sýnt að viðskipti með falsaðan varning er bransi sem tengist skipulagðri glæpastarfsemi, þrælkun, mansali, hættulegum efnum og framleiðsluaðferðum og hefur ýmsar aðrar neikvæðar efnahagslegar afleiðingar. Þegar kemur að viðhorfum til þessara afleiðinga sem fylgja kaupum á fölsuðum varningi þá virðist meirihluti enn vera sammála flestum þeim fullyrðingum sem spurt er um. Hinsvegar hefur vitund fólks minnkað á því að falsanir geti haft neikvæð áhrif á atvinnusköpun, stuðli að barnaþrælkun og mansali, geti verið hættulegar heilsu fólks og hafi letjandi áhrif á nýsköpunarhvata fyrirtækja.


Afleiðingar falsana




Kaup á fölsuðum vörum hafa neikvæð áhrif á fyrirtæki og sköpun starfa



Kaup á fölsuðum vörum ýta undir barnaþrælkun og mansal



Kaup á fölsuðum varningi stuðla að heilsuskaða



Kaup á fölsuðum varning draga úr hvata fyrirtækja til að stunda nýsköpun og koma nýjum vörum á markað

■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Frekar ósammála ■ Mjög ósammála

„Rannsóknir EUIPO og Millisvæðastofnunar SP um rannsóknir á afbrotum og viðurlögum (UNICRI) hafa sýnt að viðskipti með falsaðan varning er bransi sem tengist skipulagðri glæpastarfsemi, þrælkun, mansali, hættulegum efnum og framleiðsluaðferðum og hefur ýmsar aðrar neikvæðar efnahagslegar afleiðingar.“

Þessar niðurstöður gefa til kynna að mikið verk sé óunnið í að fræða almenning um afleiðingar hugverkabrota og falsaðs varnings, sem og um það hverjir standa að baki slíkri starfsemi.

Þegar kemur að viðhorfum fólks til ólöglegs niðurbrots á internetinu eru nýjustu niðurstöðurnar blendnar. Þar kemur meðal annars fram að færri telja það í lagi að nálgast ólöglegt efni ef það er til eigin notkunar nú en í síðustu könnun. Hinsvegar telja fleiri það vera í lagi að nálgast efni ólöglega ef engin auðveldlega aðgengileg lögleg leið er í boði.

Hægt er að lesa skýrsluna, European Citizens and Intellectual Property: Perception, Awareness, and Behaviour, í heild sinni á heimasíðu EUIPO Observatory.

Það er í lagi að nálgast efni ólöglega af internetinu þegar það er til eigin notkunar

35%

(-7%)

Það er í lagi að nálgast efni ólöglega af internetinu ef engin auðveldlega aðgengileg lögleg leið er í boði

31%

(+9%)

Alþjóðleg skráning vörumerkis – hvar, hvernig, hvers vegna...?

Með milligöngu Einkaleyfastofunnar býðst aðilum sem hyggja á markaðssetningu vöru eða þjónustu erlendis að sækja um skráningu vörumerkja utan Íslands.

Hvers vegna?

Einkaréttur á vörumerki sem fæst skráður hérlendis gildir ekki utan Íslands. Ef ætlunin er að sækja á erlendan markað er því mikilvægt að skrá vörumerki sitt í viðeigandi löndum til að vernda rétt sinn þar. Þegar merki er skráð í öðru ríki nýtur það sömu verndar og önnur skráð merki þar í landi.

Hvernig?

Ísland er aðili að Madrid-skráningarkerfinu sem gerir aðilum hér á landi kleift að sækja um vörumerki víðsvegar um heiminn með aðeins einni umsókn. Einkaleyfastofan sendir umsóknina til Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) í Genf sem áframsendir hana til þeirra ríkja sem vörumerkjarétturinn á að ná til. Eina krafan sem gerð er til umsóknarinnar er að hún byggi á skráðu vörumerki eða umsókn hérlendis og nái ekki til víðtækari vöru eða þjónustu. Alþjóðleg umsókn er í flestum tilvikum einfaldari og kostnaðarminni leið en að leggja inn umsókn í hverju landi fyrir sig þar sem oft er krafist milligöngu umboðsmanns eða vörumerkjalögfræðings.

Hvenær?

Vörumerki er oft verðmætasta eign fyrirtækis og því mikilvægt að skrá það sem fyrst til að tryggja rétt sinn til þess innan viðkomandi ríkis. Hægt er að nýta sér svokallaðan forgangsrétt með því að leggja inn alþjóðlega umsókn innan 6 mánaða frá umsóknardegi innlendu umsóknarinnar. Vernd merkisins gildir þá frá þeim degi.

Hvar?

Í alþjóðlegri umsókn er hægt að velja milli 100 ríkja eða svæða, þar á meðal Bandaríkjanna, Kína og Evrópusambandsins. Val á þeim löndum sem vörumerkjarétturinn skal ná til er viðskiptaákvörðun sem umsækjandi byggir meðal annars á hvar hann er með starfsemi eða innflutning og/eða hvar hann sér tækifæri fyrir vöru sína eða þjónustu til að vaxa og dafna. Ef nýir markaðir opnast eftir að alþjóðleg umsókn hefur verið lögð inn er auðvelt að víkka verndarsvið merkisins með því að bæta nýjum löndum við á seinna stigi með viðbótarumsókn. Umsækjanda eru því engin takmörk sett.

Hvað kostar?

Kostnaður vegna alþjóðlegrar umsóknar getur verið mjög breytilegur þar sem hann ræðst af fjölda þeirra landa sem valin eru í umsókninni og fjölda

þeirra vöru- og þjónustuflokka sem merkið skal verndað fyrir. Þá er dýrara að sækja um merki í lit en svarthvít merki. Kostnaðurinn getur því verið umtalsvert hærri en umsóknarkostnaður hér á landi. Hægt er að reikna út hvað alþjóðleg umsókn kemur til með að kosta með reiknivél WIPO sem finna má á vef Einkaleyfastofunnar.

Hverju skal huga að?

Hvert ríki tekur sjálfstæða ákvörðun um skráningarhæfi vörumerkis á grundvelli eigin laga. Þannig getur eldri vörumerkjaréttur verið til staðar í einu ríki en ekki öðru og hindrað skráningu. Áður en umsóknarferli hefst er mikilvægt að leita vandlega að vörumerkjum í öðrum ríkjum til að koma auga á mögulegar fyrirstöður. Þetta má til dæmis gera með leitarvél Hugverkastofnunar Evrópusambandsins (EUIPO), TMview, sem dregur saman upplýsingar úr gagnagrunnum allra helstu vörumerkjaskrifstofa heims. Leitarvélina má nálgast á vef Einkaleyfastofunnar.

Ef þú ert að huga að markaðssetningu erlendis og vilt vernda vörumerki þitt gegn ágangi annarra er alþjóðleg vörumerkjaumsókn einföld og hagkvæm lausn. Á heimasíðu Einkaleyfastofunnar má finna leiðbeiningar um útfyllingu umsóknarinnar auk þess sem stofnunin veitir ráðgjöf um ferlið sem við tekur svo þú sért við öllu búinn á alþjóðlegri vörumerkjavegferð þinni.

**Í alþjóðlegri vörumerkjaumsókn
getur umsækjandi valið milli fjölda
ríkja víðsvegar um heiminn.**





Faggilding



Faggilding er mat á hæfni prófunar-, skoðunar- og vottunarstofa til að meta samræmi við tæknilegar kröfur sem eru m.a. tilgreindar í reglugerðum og/eða stöðlum. Faggilding má ekki vera háð samkeppni vegna þess hlutverks hennar að tryggja að ekki sé vikið frá stöðlum er varða samkeppni milli aðila sem láta í té vörur og þjónustu. Faggilding er starfrækt alþjóðlega og miðar að því að vara sem faggildur aðili í einu landi prófar, skoðar eða vottar njóti jafnframt viðurkenningar í öllum löndum þar sem faggilding er starfrækt. Í Evrópu eru starfandi faggildingarstofur í meira en 40 löndum.

ISAC, faggildingarsvið Einkaleyfastofunnar, starfar samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. nr. 24/2006, reglugerð nr. 566/2013 um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. og staðlinum ÍST EN ISO/IEC 17011 (Samræmismat – Almennar kröfur vegna faggildingarstofa sem faggilda samræmismatsstofur). Að auki starfar ISAC eftir kröfum og leiðbeiningum samtakanna European Accreditation, þar sem sviðið er meðlimur.

European Accreditation (EA) eru samtök faggildingarstofa í Evrópu og eru sá aðili sem Evrópusambandið hefur tilnefnt til að annast samræmingu á starfsemi faggildingar í Evrópu. EA starfrækir ýmsar tækninefndir sem fulltrúar ISAC sækja fundi hjá, ásamt aðalfundum samtakanna.

Faggildingarsvið er í samstarfi við SWEDAC faggildingarstofuna í Svíþjóð um mat á nokkrum prófunarstofum. Einnig hefur sviðið aðgang að tæknilegum matsmönnum SWEDAC sem eru sérfræðingar í ökutækjaskoðunarstofum. Í lok ársins voru 40 virkar faggildingar. Prófunarstofur voru alls fimm á sviði matvæla og lögmælifræði, vottunarstofur tvær, annars vegar á sviði lífrænnar framleiðslu og hins vegar vottunarstofa sem vottar stjórnkerfi. Þá

voru 33 skoðunarstofur fyrir ökutæki, ökurita, skip, raforkuvirki, leiksvæði, lyftur, markaðseftirlit og byggingariðnað. Tvær nýjar faggildingar voru veittar á árinu og var um að ræða skoðunarstofu í byggingariðnaði og ökuritaverkstæði. Fimm faggildingar voru felldar niður á árinu.

Eitt af hlutverkum faggildingarstofa er að efla samstarf milli hagsmunaðila faggildingar, sem geta ýmist verið eigendur krafna, notendur þjónustu eða samræmismatsstofur. ISAC átti þó nokkra fundi á árinu með eigendum krafna með það að markmiði að auka samskipti og stuðla að betri þjónustu við samræmismatsaðilana. Faggildingarsviðið átti einnig samskipti við nokkur ráðuneyti um faggildingu sem og ýmsar stofnanir og bar þar hæst samtöl við velferðarráðuneytið um fyrirhugaðar vottunarstofur vegna jafnlaunastaðals og Mannvirkjastofnun vegna skoðunarstofa í byggingariðnaði.

Í lok árs 2017 var gengið frá ráðningu nýs starfsmanns á faggildingarsviðið og er það liður í að efla starfsemi á sviði faggildingar á Íslandi. Ný útgáfa af staðlinum ISO 17011 leit dagsins ljós á síðustu mánuðum ársins og er það eitt af stærstu verkefnum faggildingarsviðs að laga starfsemina að kröfum hans sem og öðrum kröfum er varða faggildingu.

Á árinu 2018 höldum við áfram að taka lítil en örugg skref í átt að auka vegferð og virðingu faggildingar á Íslandi.



Árið 2017



Tölfræði 2017

Umsóknum, skráningum og veittum réttindum hjá Einkaleyfastofunni fjölgaði verulega á liðnu ári. Fjöldi vörumerkjaumsókna jókst um 10% milli ára en skráðum vörumerkjum fjölgaði enn hraðar. Þannig voru 4.517 vörumerki skráð hér á landi á árinu sem er aukning um 32% milli ára. Skýringin liggur einkum í auknum málshraða í kjölfar skipulagsbreytinga hjá stofnuninni en fara þarf aftur til ársins 2007 til að finna jafn mikinn fjölda skráðra vörumerkja hér á landi.

Einkaleyfaumsóknum fjölgaði um 14% milli ára og veittum einkaleyfum um 16%. Þessi aukning helst í hendur við aukinn fjölda einkaleyfa víðsvegar um heim á síðustu árum en fjölgun veittra einkaleyfa hér á landi útskýrist að miklu eða öllu leyti af auknum fjölda einkaleyfa sem erlendir aðilar staðfesta hér á landi. Einkaleyfaumsóknum og útgefnum einkaleyfum íslenskra aðila hér á landi hefur hinsvegar fækkað undanfarinn áratug og er það nokkurt áhyggjuefni.

Umsóknum og skráningum á sviði hönnunar fjölgaði talsvert á árinu 2017 en þær koma flestar frá erlendum aðilum. Skráning hönnunar helst alla jafna í hendur við umsóknir, enda eru flestar umsóknir samþykktar stuttu eftir að þær berast.

Skráð hugverk á Íslandi í lok árs 2017



Einkaleyfi
6.507
Þar af í eigu
Íslendinga: 69


Vörumerki
60.750
Þar af í eigu
Íslendinga: 7.500



Hönnun
973
Þar af í eigu
Íslendinga: 152

Árið 2017

Veitt og staðfest
einkaleyfi:
1.498



Aukning um:
16%
frá árinu 2016

Skráð
vörumerki:
4.517






Aukning um:
32%
frá árinu 2016

Skráð
hönnun:
159



Aukning um:
37%
frá árinu 2016

	2015	2016	2017	Breyting
EINKALEYFI				
Umsóknir	1.109	1.317	1.498	14%
Veitt réttindi	1.038	1.270	1.478	16%
VÖRUMERKI				
Umsóknir	3.941	3.832	4.210	10%
Veitt réttindi	3.023	3.419	4.517	32%
HÖNNUN				
Umsóknir	90	119	170	43%
Veitt réttindi	86	116	159	37%



HLUTFALL ÍSLENSKRA OG ERLENDRA UMSÓKNA ÁRIÐ 2017



HÖNNUN:

UMSÓKNIR UM SKRÁNINGU HÖNNUNAR






VÖRUMERKI:

UMSÓKNIR UM SKRÁNINGU VÖRUMERKJA



SKRÁÐ VÖRUMERKI






EINKALEYFI:

UMSÓKNIR UM EINKALEYFI Á TÆKNILEGUM UPPFINNINGUM




VEITT EINKALEYFI Á TÆKNILEGUM UPPFINNINGUM



Markmið og árangursmat

Markmið um málsmeðferð á árinu 2017 byggjast á reynslu fyrri ára og endurspegla stefnu stofnunarinnar um bætta þjónustu og skemmri málsmeðferðartíma. Meðal settra markmiða á árinu var að rannsókn landsbundinna vörumerkjaumsókna tæki að meðaltali um sjö vikur, en í raun var málsmeðferðartíminn tæpar fjórar vikur á árinu, eða um 45% skemmri en markmið sögðu til um. Rannsókn alþjóðlegra vörumerkjaumsókna tók að meðaltali 35% skemmri tíma en markmið sögðu til um. Stefnt hafði verið að því að málsmeðferðartími yrði ekki lengri en 24 vikur, en hann reyndist að meðaltali aðeins 15,6 vikur á árinu. Þetta er er töluverð stytting á málsmeðferðartíma miðað við 2016, en hann var þá að meðaltali rétt innan við 28 vikur. Viðeigandi ráðstafanir voru gerðar á árinu til að bregðast við í samræmi við stefnu Einkaleyfastofunnar.

Málsmeðferðartími
alþjóðlegra
vörumerkjaumsókna
í vikum



Málsmeðferðartími
landsbundinna
vörumerkjaumsókna
í vikum



UTmessan

Í janúar tók Einkaleyfastofan þátt í UTmessunni í fyrsta skiptið, en hún er einn stærsti viðburður ársins í tölvugeiranum á Íslandi. Á UTmessunni mæta öll helstu tölvu- og tæknifyrirtæki landsins til leiks með einum eða öðrum hætti og hvetja þannig fólk til að kynna sér um hvað tölvuiðnaðurinn snýst. Ráðstefnan var því frábært tækifæri til að ná til fyrirtækja í upplýsingatækniiðnaðinum en þau byggjast að langmestu leyti á óápreifanlegum verðmætum. Á bás Einkaleyfastofunnar gátu gestir ráðstefnunnar kynnt sér mikilvægi hugverkaréttinda í upplýsingatæknigeiranum og fræðst um hvaða leiðir eru færar til að vernda hugverk í hugbúnaði.

Einkaleyfastofan flutti einnig erindið „Úr hugmynd í hugverk í verðmæti“ í Eldborg þar sem samskiptastjórinn Jón Gunnarsson fór yfir hlut hugverka og óápreifanlegra verðmæta í hagkerfi 21. aldarinnar og hvernig hugverkaiðnaður getur orðið undirstaða hagvaxtar á Íslandi sé rétt haldið utan um verðmætin sem þar skapast.



Metfjöldi einkaleyfa veitt hjá Evrópsku einkaleyfastofunni árið 2017

Aldrei hafa verið veitt fleiri einkaleyfi hjá Evrópsku einkaleyfastofunni (EPO) en árið 2017 samkvæmt nýútkominni ársskýrslu stofnunarinnar. Alls voru veitt um 105 þúsund einkaleyfi árið 2017 sem er 10% aukning frá árinu á undan. 2016 var einnig metár en þá jókst fjöldi veittra einkaleyfa um 40% frá árinu 2015.

Rúmlega 165 þúsund einkaleyfaumsóknir voru lagðar inn hjá EPO árið 2017 sem er aukning um 3,9% frá 2016. Um helmingur allra umsækjenda er evrópskur en þar komu flestar umsóknir frá Þýskalandi, Frakklandi, Sviss og Hollandi. Utan Evrópu voru Bandaríkin með flestar umsóknir eða um fjórðung allra umsókna. Mesta athygli vekur þó að mikil aukning var á umsóknum frá Kína, eða um 16,6%, og eru nú um 5% allra umsókna þaðan.

Einkaleyfaumsóknir árið 2017

165 590 +3,9% ↑

Veitt einkaleyfi árið 2017

105 635 +10,1% ↑

Kínverska tæknifyrirtækið Huawei var einmitt með flestar umsóknir einstakra fyrirtækja árið 2017 eða tæplega 2.400, en fast á hæla þess fylgdu suður-kóresku tæknifyrirtækin Samsung og LG með 2.220 og 2.056 umsóknir.



Rafræn skráning hönnunar og endurnýjun vörumerkja

Einkaleyfastofan hóf á árinu að bjóða viðskiptavinum sínum upp á að sækja rafrænt um skráningu hönnunar og endurnýjun vörumerkjaskráningar.

Þetta er í takt við aukna áherslu Einkaleyfastofunnar á rafræna þjónustu í samræmi við kröfur viðskiptavina um auðveldari og skilvirkari umsóknarferli. Einkaleyfastofan hóf að bjóða upp á rafræna umsókn um skráningu vörumerkja árið 2016. Það er óhætt að segja að þessari viðbót hafi verið vel tekið en í dag er mikill meirihluti vörumerkjaumsókna rafrænn.



Alþjóðasamstarf um vernd landaheita

Á vettvangi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) hefur hin síðustu ár verið rætt innan svonefndrar SCT-nefndar hvort skrá megi heiti landa sem vörumerki (orðmerki). Á fundi nefndarinnar í mars kynnti þáverandi fastafulltrúi Íslands í Genf, Högni Kristjánsson, „ICELAND-málið“ og hvernig íslenska ríkið hefur á liðnum árum reynt að gæta þess að íslensk fyrirtæki fái notið þess að kenna sig og framleiðslu sína við landið í vörumerkjum sínum. Ísland hefur ekki alltaf átt erindi sem erfiði í þeim málum vegna einkaréttar sem nú þegar hefur verið veittur á ICELAND í Evrópu, en einhverjum málum er þó enn ólokið.

Umræðunni var fram haldið á fundi nefndarinnar í október og í kjölfar hans lagði Ísland ásamt 12 öðrum ríkjum fram tillögu sem miðar að því að einkaréttur verði ekki veittur á landaheitum, hvorki sem vörumerki né lén. Tillagan, sem hlaut góðan hljómgrunn, verður nánar rædd á árinu 2018 og verði hún samþykkt munu landaheiti í raun verða óskráningarhæf sem slík en laus til afnota fyrir þá einstaklinga og fyrirtæki sem vísa þurfa til uppruna vara sinna og þjónustu.



Alþjóðahugverkadagurinn – Nýsköpun til betra lífs

Einkaleyfastofan fagnaði alþjóðahugverkadeginum, World IP Day, með áhugaverðum morgunverðarfundum í Norræna húsinu í apríl. Alþjóðahugverkadeginum er fagnað um allan þann 26. apríl ár hvert að frumkvæði Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) en þemað í ár var „Improving lives“ þar sem vakin var athygli á því hvernig hugverk og nýsköpun geta skapað betri lífsgæði.



Á fundinum fluttu erindi fulltrúar fjögurra fyrirtækja sem hafa öll notað hugverkaréttindi til að stuðla að því að gera lífið heilbrigðara, öruggara og betra á einn eða annan hátt. Þar komu fram Tatjana Latinovic frá Össuri, Sigrún Mjöll Halldórsdóttir frá Matís, Helga Dögg Flosadóttir frá Atmonia og Gréta Hlökkversdóttir frá As We Grow en fundinum stýrði Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofunnar.

World Intellectual
Property Day 2017
April 26

#worldipday
www.wipo.int/ipday

Framadagar

Einkaleyfastofan tók þátt í Framadögum AISEC í Háskólanum í Reykjavík þann 9. febrúar 2017. Framadögum er oft lýst sem stærsta atvinnuviðtali landsins, enda leggja árlega mörg þúsund manns á öllum aldri leið sína í Vatnsmýrina í leit að tækifærum og ráðgjöf en markmið Framadaga er að gefa háskólanemum tækifæri til að kynna sér fyrirtæki og fjölbreytta möguleika á sumarstörfum, framtíðarstörfum eða verkefnavinnu.

Einkaleyfastofan var þar engin undantekning enda er þekking á hugverkaréttindum öflugt tól í verkfærakistu atvinnuleitenda og nauðsynleg fyrir alla þá sem vilja starfa í heimi þar sem hugverk og óáþreifanleg verðmæti gegna æ stærra hlutverki í atvinnulífinu. Einnig kynnti Einkaleyfastofan möguleika á starfsnámi hjá Evrópsku einkaleyfastofunni (EPO) og Alþjóðahugverkastofunni (WIPO).

Forseti Íslands, herra Guðni Th. Jóhannesson, heimsótti kynningarbás Einkaleyfastofunnar og kynnti sér starfsemi hennar og fékk innsýn í heim hugverkaréttinda og sess þeirra í atvinnulífinu.



Fyrirmyndarstofnun ársins 2017

Einkaleyfastofan hlaut sæmdarheitið Fyrirmyndarstofnun ársins 2017 í flokki meðalstórra stofnana (20-49 starfsmenn) sem SFR veitir árlega. Niðurstöðurnar voru kynntar á Hilton Reykjavík Nordica við hátíðlega athöfn að viðstöddu margmenni hinn 10. maí 2017.

Þetta er í fimmta sinn sem Einkaleyfastofan er í hópi efstu stofnana í könnuninni en hún var í fyrsta sæti árið 2014 og hlaut þá nafnbótina Stofnun ársins. Sú góða einkunn sem starfsmenn Einkaleyfastofunnar hafa gefið vinnustað sínum undanfarin ár ber vitnisburð um góðan starfsanda, öfluga starfsmannastefnu og góða stjórnun vinnustaðarins.

Í könnuninni eru mældir þættir á borð við ánægju og stolt, starfsanda, trúverðugleika stjórnenda, launakjör, sjálfstæði í starfi, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu og ímynd stofnunar. Markmið könnunarinnar Stofnun ársins er nú sem áður að veita stjórnendum tæki til að vinna að úrbótum í stjórnun og starfsumhverfi og eins aðhald til hagsbóta fyrir starfsfólk, skjólstæðinga, viðskiptavinum og aðra hagsmunaaðila.



European Inventor Award 2017

Í júní voru 12 framúrskarandi uppfinningamenn og -konur í sviðsljósinu þegar Evrópska einkaleyfastofan (EPO) greindi frá sigurvegara European Inventor Award 2017 við hátíðlega athöfn í Feneýjum. Verðlaunin voru nú afhent í 12. skiptið, en þau eru veitt árlega hópi fólks sem stuðlað hefur að félags- og tækniframförum og auknum hagvexti með uppfinningum sínum.

Verðlaunahafar ársins í flokki iðnaðar voru blóðsjúkdómafræðingurinn Jan van den Boogaart frá Hollandi og lífefnafræðingurinn Oliver Hayden frá Austurríki fyrir þróun fyrsta sjálfvirka, tölvuvædda prófunarbúnaðarins til að greina malaríu, sjúkdóm sem dregur meira en 600 þúsund manns til dauða á hverju ári.

Í flokki rannsókna sigruðu Laurent Lestarquit frá Frakklandi, José Ángel Ávila Rodríguez frá Spáni, Günter W. Hein frá Þýskalandi og Belgarnir Jean-Luc Issler and Lionel Ries, en þessi hópur vísindamanna og verkfræðinga þróaði merkjatakni sem stuðlar að því að evrópska hnattræna gervihnattaleiðsögukerfið Galileo, sem verður að fullu starfhæft á árinu 2019, geti boðið gríðarlega nákvæma staðsetningarþjónustu fyrir margs konar tækjabúnað.



Í flokki uppfinningamanna utan EPO-landa sigruðu bandarísku verkfræðingarnir James G. Fujimoto og Eric A. Swanson auk þýska eðlisfræðingsins Robert Huber fyrir augnsneiðmyndataeki með ljósi (e. optical coherence tomography; OCT) en sú tækni gerir augnlæknum kleift að greina alvarlega augnsjúkdóma á fyrri stigum en áður var unnt.



Í flokki lítilla og meðalstórra fyrirtækja sigraði þjóðverjinn Günter Hufschmid og teymið hans hjá fyrirtækinu Deurex. Verðlaunin fékk fyrirtækið fyrir að þróa ofursvamp sem nýtist við olíuleka og efnaleka. Svampurinn, sem nefnist „Pure“, getur dregið í sig sjöfalda þyngd sína af vatnsfælum vökvum og hefur þegar sannað notagildi sitt við þríf eftir olíuleka í Nígeríu og Þýskalandi.

Sigurvegarrar 2017

Iðnaður: Jan van den Boogaart and Oliver Hayden (Holland, Austurríki) – Hraðvirkt blóðpróf til að greina malaríu.

Rannsóknir: Laurent Lestarquit, José Ángel Ávila Rodríguez og teymi (Frakkland, Spánn) – Útvarpsbylgjur fyrir betri gervihnattaleiðsögn

Lönd utan EPO: James G. Fujimoto, Eric A. Swanson and Robert Huber (Bandaríkin, Þýskaland) - Augnsneiðmyndataeki með ljósi

Lítill og meðalstór fyrirtæki: Günter Hufschmid (Þýskaland) – Ofursvampur gegn olíulekum

Sigurvegari netkosninga: Adnane Remmal (Marokkó) – Náttúrulegir örverueyðar

Heiðursverðlaun EPO (Lifetime achievement): Rino Rappuoli (Ítalía) – Ný bóluefni með erfðagreiningu

Samtalsleit

Ávormánuðum 2017 hleypti Einkaleyfastofan af stokkunum tilraunaverkefni með Nordic Patent Institute (NPI) sem snýr að nýrri tegund þjónustu sem hingað til hefur ekki verið í boði hér á landi.

Þjónustan, svokölluð samtalsleit, er hugsuð fyrir þá sem vilja kanna stöðu tæknilegra uppfinninga m.t.t. þeirrar tækni sem þegar er þekkt en hún getur t.d. gagnast vel þeim sem eru á fyrstu stigum í rannsóknar- og þróunarferli til að ákveða hvaða stefnu er rétt að taka varðandi mögulega einkaleyfisvernd.

Þjónustan felur í sér tveggja tíma fjarfund með rannsakanda frá NPI. Á fundinum er farið í gegnum hugmyndina og leitað að þegar þekktri tækni í öflugum einkaleyfagagnagrunnum. Slíkir gagnagrunnar innihalda upplýsingar um mikinn fjölda einkaleyfa og umsókna um einkaleyfi, og talið er að í þeim sé hægt að finna 80-90% af allri tækniþekkingu í heiminum.

Samtalsleit getur þannig gefið hugmynd um nýnæmi uppfinningar en einnig upplýsingar um hvaða fyrirtæki og aðilar eru starfandi á tilteknu tæknisviði. Slíkar upplýsingar geta t.d. nýst við leit að samstarfsaðilum eða jafnvel fjárfestum á síðari stigum í rannsóknar- og þróunarferlinu.

Til þess að tryggja að rannsakandinn hafi þekkingu og reynslu á tæknisviði uppfinningarinnar þarf að fylla út eyðublað og lýsa uppfinningunni í grófum dráttum. Eyðublaðið er síðan sent til NPI sem finnur besta rannsakandann fyrir leitina.



- **Samtalsleit gefur mynd af stöðu uppfinningar m.t.t. þegar þekktrar tækni.**
- **Niðurstöður leitarinnar eru ekki staðfesting á nýnæmi uppfinningar.**
- **Allt efni fundarins er trúnaðarmál.**
- **Hver leit kostar 20.700 kr.**

IP Pre-diagnosis þjónusta

Á árinu 2017 hóf Einkaleyfastofan undirbúning að nýrri þjónustu í samvinnu við Evrópsku einkaleyfastofuna (EPO) sem miðar að því að efla vitund um mikilvægi þess að stýra þeirri þekkingu sem til verður innan fyrirtækja hér á landi.

Þjónustan, sem ber heitið IPPD (IP Pre-diagnosis) hjá EPO, er í grunninn mótuð eftir aðferðafræði frönsku hugverkastofunnar (INPI) sem boðið hefur slíka þjónustu á liðnum árum með góðum árangri, auk annarra hugverkastofa innan Evrópu.

IPPD felur í sér heimsóknir til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og frumkvöðlafyrirtækja þar sem markmiðið er að auka þekkingu þeirra á hugverkaréttindum og getu þeirra til að hagnýta hugverk í rekstri. Sérfræðingar á vegum Einkaleyfastofunnar eiga samtal við stjórnendur fyrirtækja og kortleggja þekkingu og möguleg hugverk eftir ákveðinni aðferðafræði. Eftir greiningu á stöðu fyrirtækisins er gerð skýrsla með tillögum að úrbótum og fræðslu um hugverkaréttindi og hvernig þau geta nýst í viðskiptum. Í þeirri nálgun er tekið mið af stöðu og áætlunum fyrirtækisins. Í IPPD felst hinsvegar ekki:

- **Lögfræðileg ráðgjöf**
- **Aðstoð við skráningu hugverka**
- **Ráðgjöf um skráningarhæfi réttinda**
- **Ráðgjöf um frelsi til athafna**
- **Aðstoð við samningagerð**

Þjónusta sem þessi er nú þegar hluti af framtíðarsýn systurstofnana Einkaleyfastofunnar í Evrópu en margar þeirra hafa þegar hafið innleiðingu á sambærilegu verkefni í samvinnu við Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO). Þá er samstarf EPO og EUIPO á þessu sviði einnig hafið.


Einkaleyfastofan mun á vormánuðum 2018 hefja prufukeyslu á IPPD í samstarfi við hagsmunaaðila en síðar á árinu mun IPPD verða hluti af fastri þjónustu Einkaleyfastofunnar. Er það von Einkaleyfastofunnar að þetta skili sér ekki einungis í aukinni þekkingu og notkun á hugverkaréttindum meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja hér á landi heldur einnig í því að slík fyrirtæki leiti í auknu mæli sérfræðiráðgjafar um hugverkaréttindi.

Ný vörumerkjaleitarvél

Á haustmánuðum ýtti Einkaleyfastofan úr vör nýrri vörumerkjaleitarvél. Hún er byggð á Drupal-grunni líkt og heimasíðan og er töluverð uppfærsla frá eldri vörumerkjaleitarvél stofunnar þar sem hún býður upp á fjölmarga leitarmöguleika sem voru ekki til staðar áður. Til dæmis birtast nýjustu vörumerkjaumsóknir á Íslandi efst í leitarvélinni og veita þannig skemmtilega innsýn í heim viðskipta og markaðsstarfs hér á landi. Einnig er hægt að leita og sía eftir fjölmörgum skilyrðum, t.d. stöðu umsóknar, tegund vörumerkis, vöru- og þjónustuflokki og heimalandi eiganda.

Í nýju leitarvélinni eru einnig fyrir hendi margir möguleikar til frekari þróunar, t.d. á sviði vöktunar og tölfræðivinnslu sem vonir standa til að unnt verði að bjóða viðskiptavinum Einkaleyfastofunnar og almenningi á næstu árum.

Vinna við leitarvélina er liður í því að koma betur til móts við þarfir viðskiptavina og almennings fyrir skráningu og fræðslu um hugverkaréttindi á Íslandi, og stenst þjónusta Einkaleyfastofunnar nú að þessu leyti samanburð við erlendar hugverkastofur og alþjóðlegar stofnanir.



Heiti	Stað	Vörumerki	Stað	Vörumerki	Þegund	Þegund	Stað	Stað
Island Beauty	Ísland	VI0001	Ísland	1	VI0001	VI0001	VI0001	VI0001
MOMENT	Ísland	VI0002	Ísland	2	VI0002	VI0002	VI0002	VI0002
OK	Ísland	VI0003	Ísland	3	VI0003	VI0003	VI0003	VI0003
Þjónustuflokkur	Ísland	VI0004	Ísland	4	VI0004	VI0004	VI0004	VI0004
YOGAFOOD	Ísland	VI0005	Ísland	5	VI0005	VI0005	VI0005	VI0005
ICELANDIC STILL	Ísland	VI0006	Ísland	6	VI0006	VI0006	VI0006	VI0006
Sensar Grill + Dryke	Ísland	VI0007	Ísland	7	VI0007	VI0007	VI0007	VI0007
THE ABNORMAL BEAUTY COMPANY	Ísland	VI0008	Ísland	8	VI0008	VI0008	VI0008	VI0008
UNCLE DEEW	Ísland	VI0009	Ísland	9	VI0009	VI0009	VI0009	VI0009
Skjalstofa	Ísland	VI0010	Ísland	10	VI0010	VI0010	VI0010	VI0010

Gulleggið

Frumkvöðlakeppnin Gulleggið fór fram í september og október en hún skipar nú stóran sess í viðskiptalífinu og er jafnan stærsti viðburður ársins í heimi frumkvöðla á Íslandi. Tíu ára afmæli keppinnar var fagnað með glæsibrag á árinu, og bárust að þessu sinni yfir 200 hugmyndir til keppni.

Einkaleyfastofan var nú í fyrsta skipti einn samstarfsaðila Gulleggsins en í því fólst meðal annars þátttaka í vinnustofum Gulleggsins þar sem þátttakendur hlutu fræðslu um mikilvægi hugverkaréttinda fyrir frumkvöðlafyrirtæki og hvernig þau geta nýst til að vernda samkeppnisforskot nýsköpunar og til þess að auðvelda ungum fyrirtækjum að hasla sér völl. Sérfræðingar Einkaleyfastofunnar veittu einnig þátttakendum sértækari ráðgjöf við vernd á hugverkaréttindum.

Í samstarfinu fólst einnig þátttaka Einkaleyfastofunnar í rýnihópi og dómnefnd keppinnar en sigurvegarinn að þessu sinni var fyrirtækið Atmonia, en það hefur þróað byltingarkennda aðferð til umhverfsvænnar áburðarframleiðslu á smáskala.

Í öðru sæti var Genki Instruments en fyrsta vara þess fyrirtækis, Wave, er hringur sem gerir tónlistarfólki kleift að hafa áhrif á tónlistarsköpun og flutning í rauntíma með hreyfingum handarinnar. Í þriðja sæti var fyrirtækið Taktikal sem vinnur að hugbúnaðarlausn sem gerir einstaklingum og lögaðilum mögulegt að stofna til viðskipta á örfáum mínútum og í kjölfarið heimila ýmsar sjálfvirkar þjónustur er krefjast viðskiptasambands.



Sjávarútvegsráðstefnan

Í nóvember tók Einkaleyfastofan þátt í skipulagningu Sjávarútvegsráðstefnunnar 2017 en þar voru tvær málstofur tileinkaðar hugverkaréttindum í sjávarútvegi. Í fyrri málstofunni, „Hugverkaréttur í sjávarútvegi – Af hverju að verja hugverk?“ flutti Jón Gunnarsson, samskiptastjóri Einkaleyfastofunnar, erindið „Það eru ekki fleiri fiskar í sjónum“ (sjá bls. 20). Hann rakti þar hvers vegna sjávarútvegur er fyrst og fremst hugverkaiðnaður í dag og lýsti mikilvægi þess að halda áfram nýsköpun og markvissri verndun hugverka á þessu sviði. Málstofan fór fram undir stjórn Ara Kristins Jónssonar, rektors Háskólans í Reykjavík, og einnig fluttu erindi fulltrúar fyrirtækjanna Árnason Faktor, Zymetech og Genis.

Seinni málstofunni, „Hugverkaréttur í sjávarútvegi – Hvernig skal verja hugverk?“ stýrði Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofunnar. Þar komu fram fulltrúar Össurar, Orf líftækni, Háskóla Íslands, Fjeldsted & Blöndal lögmannsstofu og Samtaka atvinnulífsins og fluttu erindi um hvaða leiðir sjávarútvegsfyrirtæki geta farið til að vernda þau gríðarlegu verðmæti sem felast í hugverkum og hugviti á þessu sviði.





Samstarf



Innlent samstarf

Einkaleyfastofan leggur mikla áherslu á að eiga gott samstarf við innlenda hagsmunaaðila til að auka þekkingu á hugverkaréttindum, bæta þjónustu við viðskiptavinum og stuðla að aukinni og bættri notkun hugverkaréttinda á Íslandi. Stofnunin hefur því í gegnum árin efnt til margvíslegs samstarfs við aðila í iðnaði, menntun, rannsóknum, nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi hér á landi enda er hugverk víða að finna. Ber þar m.a. að nefna Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Samtök iðnaðarins, Íslandsstofu, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Icelandic Startups.

Einkaleyfastofan leiðir einnig samstarfshóp sem hefur það markmið að auka vitund og samstarf um aðgerðir gegn brotum á hugverkaréttindum. Í hópnum sitja fulltrúar Tollstjóra, lögreglu, atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytisins, Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Lyfjastofnunar, mennta- og

menningarmálaráðuneytisins, STEF, Myndstef, Frísk, Neytendastofu og SFH.

Einkaleyfastofan á einnig í samstarfi við umboðsmenn hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Hún fundar reglulega með Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa (FUVE) og Félagi einkaleyfasérfræðinga (FEIS) til að miðla upplýsingum og tryggja að stofnunin veiti viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu.



Erlent samstarf

Einkaleyfastofan á í miklu alþjóðlegu samstarfi til að tryggja virka miðlun á upplýsingum, reynslu og þekkingu á milli einkaleyfa- og hugverkastofa í Evrópu. Slík þróun verður sífellt mikilvægari á tímum heimsvæðingar þar sem viðskipti eru í síauknum mæli alþjóðleg.

Þessi vinna fer að miklu leyti fram á vettvangi Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO) en Einkaleyfastofan tekur virkan þátt í stjórnun stofnunarinnar sem fulltrúi eins af 38 aðildarríkjum hennar auk þess sem Einkaleyfastofan

er þátttakandi í margskonar tæknilegum verkefnum sem öll miða því að gera upplýsingar um einkaleyfi og umsóknir aðgengilegri fyrir notendur á heimsvísu. Þá hefur mikil vinna farið í samstarf á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) sem Ísland er aðili að. Einkaleyfastofan á einnig í viðamiklu samstarfi á vettvangi Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO), Nordic Patent Institute (NPI), Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) auk samstarfs á milli einkaleyfa- og hugverkastofa Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna.





Mannauður og rekstur



Lykiltölur úr rekstri 2017

Rekstur Einkaleyfastofunnar gekk vel á árinu og var reksturinn í góðu samræmi við áætlanir. Reksturinn var fjármagnaður með rekstrartekjum en ríkisframlag kom til vegna reksturs faggildingarsviðs. Rekstrartekjur skiptust þannig að mestar voru tekjur vegna vörumerkja eða tæplega 65% af heildartekjum, tekjur vegna einkaleyfa voru 32%, tekjur vegna faggildingar tæplega 3% og tekjur vegna hönnunar innan við 1%. Einkaleyfastofan innheimtir einnig sértekjur en þær koma frá alþjóðastofnunum og skýrast einkum af endurgreiddum ferðakostnaði og endurgreiðslum á útlögðum kostnaði vegna tæknilegra samstarfsverkefna.

Stærsti einstaki útgjaldaliðurinn er launakostnaður eða 61%. Því næst kemur kostnaður vegna aðkeyptar þjónustu, 14%, en Einkaleyfastofan er verulega háð utanaðkomandi þjónustu er varðar grunnþjónustu stofnunarinnar.

Rekstrartekjur: 430.009.230


Sértekjur: 7.688.445

Rekstrarkostnaður: 397.639.765

Starfsfólk Einkaleyfastofunnar

Eitt af meginmarkmiðum Einkaleyfastofunnar er að vera eftirsóknarverður vinnustaður. Stofnunin hefur á að skipa fjölbreyttum og öflugum hópi starfsmanna sem leggur sig fram um að gera góðan vinnustað betri með jákvæðni og góðum samskiptum. Meðal þess sem Einkaleyfastofan gerir til að viðhalda góðu starfsumhverfi er að leggja fyrir starfsfólk reglulegar árangursmælingar þar sem könnuð eru viðhorf starfsmanna til mismunandi þátta eins og starfsánægju, sjálfstæðis til ákvarðanatöku, stuðnings frá stjórnendum og þjálfunar og þróunar. Niðurstöður þessara kannana eru mikilvægt tæki fyrir stjórnendur þar sem í þeim felst regluleg endurgjöf frá starfsmönnum á störf þeirra en þær eru ekki síður mikilvægar fyrir vinnustaðinn í heild því þær gefa góða mynd af upplifun starfsmannanna sjálfra.

Í árslok voru starfsmenn 29, 22 konur og 7 karlar. Mikill meirihluti hefur háskólamenntun eða 20 starfsmenn og er stærsti hópurinn lögfræðingar, en þar á eftir kemur fólk með félagsvísinda- og viðskiptamenntun. Meðalaldur starfsmanna var 43 ár og starfsaldur að meðaltali 9,5 ár.





28 starfsmenn



www.els.is